

Ed.

829. Nefndarálit

[245. mál]

við frv. til l. um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp til laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti hefur verið skamman tíma nú til umræðu á Alþingi og efri deild haft mjög takmarkaðan tíma til athugunar á frv. Hins vegar má segja, að meginefni þess sé margra ára gamalt og þekkt meðal þingmanna og hinna ýmsu félagssamtaka. Frumvarpið, eins og það birtist nú, er samið af sérstakri nefnd, er viðskiptaráðherra skipaði í mars 1976. Frv. fylgja fjölmargar athugasemdir og þar kemur fram m. a. mjög mismunandi afstaða til hinna ýmsu greina, annars vegar frá hendi margra samtaka úr atvinnulífinu og hins vegar frá hendi launþega og félagasamtaka þeirra.

Á fund nefndarinnar í Ed. kom Georg Ólafsson verðlagsstjóri og gerði nokkra grein fyrir verðlagseftirliti í dag hér á landi og framkvæmd nágildandi laga. Þar kom fram, að svonefnd verðlagsnefnd heldur nokkuð reglulega fundi, þar sem hún tekur fyrir verðákvörðunarbeiðnir. Hins vegar er framkvæmdaþátturinn í höndum verðlagsskrifstofunnar, sem skal fylgjast með, að samþykktir verðlagsnefndar séu í framkvæmd eins og til stendur. Einnig gefur verðlagsskrifstofan út tilkynningar um álagningaprósentu á margvíslega vöruflokka og vinna kaupmenn samkvæmt þessum tilkynningum og innan þeirra marka, er þær gefa svigrúm til.

Það kom fram í máli verðlagsstjóra, að t. d. af hálfu iðnaðarins er kvartað yfir seinagangi í ákvörðunartöku hjá verðlagsnefnd. Hins vegar hefur sú trú skapast af hálfu neytenda eftir margra ára verðgæslukerfi, að þeir telja sig verndaða í gegnum núverandi verðlagskerfi. Miðað við reynslu a. m. k. í vissum vöruflokkum má halda því fram, að hér sé um missýn að ræða og því réttlæt看legt að reyna annað kerfi í verðlagningu. Það skal tekið fram, að núverandi löggjöf er það rúm, að innan hennar væri hægt að gera verðlag frjálst, ef almennur áhugi og samstaða væri um slíkt.

Það, sem þetta frv. hefur einkum í för með sér og er nýtt, er löggjöf um samkeppnishömlur. Það skal undirstrikað, að sá þáttur í frv. er afar mikilvægur og e. t. v. það besta fyrir hinn almenna neytanda og vel rekin fyrirtæki hér á landi.

Því má halda fram, að áhættan með samþykkt þessa frv. að lögum sé ekki ýkjamikil og því vel réttlæt看legt að það nái nú fram að ganga í síðustu vinnu-

viku Alþingis. Þó ber þess að geta og leggja á það ríka áherslu, að allt veltur hér á, hve vel tekst til að tryggja þá framkvæmd um samkeppnishömlur og frjálsa verðmyndun er frv. gerir ráð fyrir að muni eiga sér stað, þegar vissum forsendum er fullnægt.

Samfara þessum breytingum, sem frv. boðar, lagði verðlagsstjóri mikla áherslu á, að óhjákvæmilegt væri að endurskipulagning ætti sér stað á verðlags-skrifstofunni til að tryggja raunhæft eftirlit með ýmsum hugsanlegum samkeppnishömlum og óréttmætum viðskiptaháttum. Því miður var á verðlagsstjóra að heyra, að ekkert hafi verið hugsað enn sem komið er fyrir þessum mikilvæga þætti í framkvæmd væntanlegra laga, og taldi hann því óhjákvæmilegt, ef vel ætti að takast til, að gildistími laganna væri með 12 mánaða fyrirvara í stað 6 mánaða, eins og frv. gerir ráð fyrir. Þetta mat verðlagsstjóra á ríkjandi ástandi hvað varðar heilbrigða samkeppni er einkar athyglisvert. Þetta vill segja, að forsendur fyrir gildi frv. virðast ekki vera fyrir hendi og ekkert fullvissar undirritaðan á þessu stigi, miðað við fram komnar upplýsingar, að verðlag mundi lækka á næstunni þótt frv. yrði að lögum nú.

Það hefur komið fram í umr. um þetta frv., að hér mun mjög velta á, hvernig til tekst um framkvæmd laganna. Þar sem nú liggur fyrir, að ekkert sérstakt hefur verið gert til þess að tryggja heppilega framkvæmd bæði fyrir þá, er annast verslunina sjálfa, og neytendur almennt, virðist undirrituðum ekki tímabært, þrátt fyrir langan aðdraganda, að frv. verði samþykkt nú alveg í þinglok.

Undirritaður vill leggja áherslu á, að nauðsynlegt er að tryggja hér frjálsa, heiðarlega og samkeppnishæfa verslun, og einnig er nauðsyn að setja sérstaka lög-gjöf er tryggi hagsmuni hins almenna neytanda. Því miður hefur komið í ljós, að þessar forsendur eru ekki fyrir hendi, svo hagsmunaaðilar finna margt að frv. eins og það liggur fyrir. Það er því mat undirritaðs, að óskynsamlegt sé að þetta frv. verði samþykkt nú, rétt fyrir alþingiskosningar. samtímis því að mikill óróleiki er á vinnumarkaðinum og launþegasamtökin hafa lýst alvarlegri andstöðu við vissar greinar frv. Það eru því heppileg vinnubrögð, að málið í heild verði skoðað af næstu ríkisstjórn og lagt fyrir væntanlegt Alþingi á haustdögum. Þess vegna leggur undirritaður til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 2. maí 1978.

Jón Árm. Héðinsson.